

Fundargerð stjórnarfundar

Fundur stjórnar Norðurár bs haldinn í Hótel Varmahlíð miðvikudaginn 8. júlí 2009 kl: 13:00
Á fundinn mættu stjórnarmennirnir Einar E. Einarsson, Magnús B. Jónsson og Vignir Kjartansson. Einnig mættu á fundinn undir fyrsta dagskrárlið Hermann J. Tómasson og Eiður Guðmundsson frá Flokkun Eyjafjörður ehf.

Dagskrá

1. Viðræður við Flokkun Eyjafjörður ehf.
2. Ákvörðun um urðunarstað.
3. Næstu skref.
4. Önnur mál.

1. Viðræður við Flokkun Eyjafjörður ehf

Þeir Hermann J. Tómasson stjórnarformaður Flokkun Eyjafjörður ehf og Eiður Guðmundsson framkvæmdarstjóri sama fyrirtækis komu á fundinn en áður höfðu þeir óskað eftir fundi með stjórn Norðurá bs. Eigendur að Flokkun Eyjafjörður ehf eru öll sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu: Akureyrarbær, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur. Á stjórnarfundum hjá þeim var ákveðið að óska eftir upplýsingum um áhuga Norðurá bs fyrir hugsamlegu samstarfi eða samvinnu um urðun sorps. Var þeim gerð ítarleg grein fyrir stöðu mála hjá Norðurá bs. áætlunum og framtíðarsýn. Farið var yfir valkosti á aðild þeirra að verkefninu sem geti annarsvegar verið á viðskiptalegum forsendum þar sem Flokkun keypti þjónustuna og hins vegar með beinni þátttöku í verkefninu á sömu forsendum og eigendur Norðurár bs. Einnig var nokkuð rætt um heimilað magn úrgangs í umsókn um starfsleyfi og áhrif hugsanlegrar aðildar Flokkunar á starfsleyfi og matsferli. Lýstu fulltrúar Flokkun Eyjafjarðar ehf áhuga á samstarfi og munu kynna stjórn þær upplýsingar sem lagðar voru fram. Í ljósi þess að umsókn um starfsleyfi og fleira er komið í feril var lögð áhersla á að vinna hratt og að afstaða stjórnar Flokkunar um samstarf og samstarfsform þurfi að liggja fyrir hið fyrsta. Fulltrúar Flokkunar töldu mögulegt að formlegt erindi um samstarf gæti borist innan skamms .

2. Ákvörðun um urðunarstað.

Magnús gerði grein fyrir því að öll sveitarfélögin nema eitt hefðu nú skilað formlegu samþykki fyrir því að ráðist yrði í gerð urðunarstaðar að Sölvabakka eins og það var kynnt á eigendafundi 15. Júní 2009. Von er á jákvæðu svari einnig frá því sveitarfélagi sem ekki hefur sent inn svar. Stjórn Norðurár bs. taldi því einsýnt að uppbygging urðunarstaðar að Sölvabakka verði að veruleika og ákvað að setja fullan kraft í umsóknarferli og undirbúning hönnunar.



3. Næstu skref.

Rætt um næstu skref varðandi gerð útboðsgagna vegna framkvæmdanna og fund með Vegagerðinni samkvæmt umræðu á eigendafundi 15. júní. Ákveðið að eiga á næstunni fund með bæði Vegagerðinni vegna hugsanlegrar nýtingar á uppgreftinum til vegagerðar og fund með Gunnari Svavarssyni hjá Verkfræðistofunni Eflu um gerð útboðsgagna. Voru stjórnarmenn sammála um að láta hugsanlegar viðræður við Flokkun Eyjafjarðar ehf ekki seinka þeirri tímaáætlun sem kynnt var á eigendafundinum 15. júní. Verði hinsvegar af hugsanlegu samstarfi við Flokkun þá verði gerðar þær samþykktir og breytingar sem þarf eins hratt og kostur er án þess að það seinki núverandi tímaáætlun um hvenær taka eigi urðunarstað að Sölvabakka í notkun.

4. Önnur mál

Ákveðið að fá samantek á fjárhagsstöðu félagsins á næsta stjórnarfundum og hefja undirbúning að lántöku vegna framkvæmda við gerð urðunarstaðarins.

Fundi slitið kl. 15:00

Magnús B. Jónsson

Einar E. Einarsson

Vignir Kjartansson